

## 1. Fundur starfshóps um fátækt

14. nóvember 2022 kl 15:24

Mættir: Kristjana Ósk Jónsdóttir (Sjálfstæðisflokkur), Árni Rúnar Þorvaldsson (Samfylkingin), Soffía Ólafsdóttir (Deildarstjóri Fjölskyldu- og barnamálasviðs), Linda Hrönn Þórisdóttir (Framsókn).

1. **Fyrirkomulag funda.** Rætt um fyrirkomulag funda. Stefnt er að því að funda að jafnaði annan hvern mánudag kl 15. Næstu fundir verða þó 5. og 12. desember næstkomandi.
2. **Erindisbréf.** Rætt um erindisbréfið og verður farið nánar yfir það á næsta fundi starfshópsins.
3. **Skipun formanns starfshópsins.** Samþykkt var að Linda Hrönn Þórisdóttir verði formaður starfshópsins.
4. **Aðgerðaáætlun.** Eitt af fyrstu verkum starfshópsins verður að móta aðgerðaráætlun. Hvaða upplýsingar leitumst við eftir að fá? Hvernig verður staðið að upplýsingaöflun? Hvernig verður unnið úr upplýsingunum?
5. **Yfirlit yfir styrki.** Fá yfirlit yfir hvers konar styrki hafnafirskum fjölskyldum stendur til boða og hvaða viðmið eru til að geta fengið þá. T.d. fermingarstyrkur, skólamáltíðir, tómstundir. Er einhver samræming á hvaða viðmið þarf að uppfylla og/eða fer eitthvað sérstakt verklag af stað ef óskað er eftir styrk á einum stað?
6. **Verklag um niðurgreiðslur og styrki.** Skoða verklag sveitarfélagsins varðandi niðurgreiðslur og tekjuviðmið.
7. **Æfingagjöld og fleira tengt íþróttum.** Athuga hvernig komið er til móts við foreldra tekjulágra vegna æfingagjalda, keppnisferða, æfingafatnaðar og fleira. Athuga ÍBH hvort gefin séu út einhver tilmæli um viðmið um niðurgreiðslur. Er það samræmt á milli íþróttafélaga?
8. **Næstu skref.**
  - a. Linda setur út ný fundarboð og sendir þessa fundargerð
  - b. Næsti fundur starfshópsins verður þann 5. desember kl 15-16. Markmiðin fyrir þann fund eru:
    - i. Fara yfir skipunarbréf starfshópsins
    - ii. Fara yfir skýrslu starfshópsins sem skipaður var í vor
    - iii. Fara yfir skjal um *Rétt til fjárhagsaðstoðar. Mat á fjárförf og útreikningur fjárhagsaðstoðar.*
    - iv. Kristjana boðar fulltrúa ÍBH og Hauka á næsta fund. Í framhaldi af því verður mótaður spurningalisti til annarra tómstundafélaga til að kanna hvernig staðið er að fjárhagsaðstoð.

Fundi slitið kl 15:56.

Fundinn ritaði Linda Hrönn Þórisdóttir